

SORPA
annars vegar
og
Efling – stéttarfélag og Verkalýðsfélagið Hlífar
hins vegar
gera með sér svofellt
SAMKOMULAG
um breytingar og framlengingu á kjarasamningum aðila

1. gr.
Gildistími

Aðilar eru sammála um að gildandi kjarasamningur aðila ásamt bókunum og fylgiskjölum framlengist og taki sömu hækjunum og kjarasamningur Eflingar-stéttarfélags og Reykjavíkurborgar dagsettur 1. apríl 2023 með gildistöku frá 1. apríl 2023 til 31. mars 2024, gildi fyrir félagsmenn Eflingar og Hlífar hjá SORPU bs. með þeim viðaukum sem að neðan greinir.

2. gr.
Þrifaeiningar, stöðvar- og víraálag

Aðilar eru sammála um að þrifaeiningar, stöðvarálag og víraálag hækki um 15%

4. gr.
Atkvæðagreiðsla

Samningsaðilar skulu bera samning þennan, ásamt fylgiskjölum, bókunum, verkáætlun og viðauka, upp á lögformlegan hátt til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir kl. 16:00 þann 26. maí 2023 skoðast samningurinn samþykktur. Atkvæðisbærir félagsmenn stéttarfélagsins um samning þennan eru einungis þeir sem starfa hjá SORPU.

Reykjavík, 12. maí 2023

f.h. SORPU,



f.h. Eflingar – stéttarfélags og VLF. Hlífar,
með fyrirvara um samþykki félagsmanna



Verkáætlun
með samkomulagi dags. 12. maí 2023
milli Reykjavíkurborgar
annars vegar
og
Eflingar – stéttarfélags
hins vegar

Verkáætlun

Með samkomulagi um framlengingu á kjarasamningi er viðræðum um önnur atriði en launalið aðila frestað. Aðilar eru sammála um að hefja viðræður eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

Málefni	Vinna hefst	Vinnu lýkur	Lýsing
Sérákvæði í móttöku- og flokkunarstöð, endurvinnslustöðvum, GAJA og á urðunarstað	1. júní 2023	1. janúar 2024	Aðilar eru sammála um að taka til umræðu sérákvæði hverrar starfseiningar
Stöðvarálag, víraálag og þrifaeiningar	1. júní 2023	1. janúar 2024	Aðilar eru sammála um að taka til umræðu og fara yfir forsendur á álögum sem greidd eru.

Þann 1. janúar 2024 skulu áherslur samningsaðila liggja fyrir. Eigi síðar en 15. febrúar skulu viðræður hefjast og munu aðilar þá gera áætlun um framgang viðræðna ásamt tímasettum markmiðum.

